



Borgarráð

Reykjavík, 8. júlí 2025
MSS25070013

Stýrihópur um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna.



Reykjavík



Reykjavík, 10. júlí 2025

MSS25070013

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar þann 4. mars 2025 var samþykkt að fela innkaupa- og framkvæmdaráði að koma með tillögur að endurskoðaðri innkaupastefnu og innkaupareglum fyrir Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að hraða þeirri vinnu og liður í því er að setja af stað stýrihóp til að fylgja þeirri samþykkt eftir.

Hlutverk:

Markmið með vinnu stýrihópsins er að ljúka við endurskoðun innkaupastefnu sem hefur verið unnið að síðustu misseri. Í því felst m.a. að auka þarf eftirlit með innkaupum og innkaupaheimildum, leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð, tryggja ráðdeild í rekstri og framkvæmdum Reykjavíkurborgar og fylgja Græna planinu sem er yfirstefna borgarinnar. Innkaup Reykjavíkurborgar eru yfirgripsmikil og gefa haft mikil áhrif á samfélagið, mannréttindi og loftslagsbreytingar um leið og mikilvægt er að sýna ráðdeild í rekstri.

Helstu verkefni:

- Endurskoðun innkaupastefnu Reykjavíkurborgar.
- Gerð mælikvarða og innleiðingaráætlunar.
- Endurskoðun innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Stýrihópin skipa:

Andrea Jóhanna Helgadóttir, borgarfulltrúi, formaður

Björn Gíslason, borgarfulltrúi

Kristinn Jón Ólafsson, borgarfulltrúi

Starfsmaður stýrihópsins:

Halla Björg Evans, skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leitar ráðgjafar hjá fjármála- og áhættustýringarsviði og annarra aðila innan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.



Reykjavík



Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skilar ábyrgðaraðila afurðum sínum í lok október 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík